

Ed.

406. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Af hverri saltaðri sildartunnu (108–120 litr.) skal greiða í rikissjóð 100 aura. Af hverri tunnu kryddsildar (108–120 litr.) 150 aura. Af hverjum 100 kg. af sildarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fódurkökum 200 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og sildarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af sild, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 150 aura.

2. gr.

Tvær síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl., svo og önnur lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.